

I. KAFLI

Um stjórnun safnsins og verkefni þess.

1. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er í eigu Reykjavíkurborgar. Menningarmálanefnd Reykjavíkur gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun þess og hefur eftirlit með því að samþykktum og stefnu safnsins sé fylgt. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum borgarbókavardar. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun ár hvert.

2. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur starfar í samræmi við gildandi lög um almenningabókasöfn.

3. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun fyrir almenning. Borgarbúar í öllum hverfum skulu eiga greiðan aðgang að þjónustu Borgarbókasafns Reykjavíkur en bókasöfn, bókaþill og heimsendingaþjónusta fyrir aldraða og fatlaða mynda þjónustunet safnsins. Afgreiðslutíma skal miða við að hann henti almenningi sem best.

Helstu verkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur:

1. Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á vandaða og fjölbreytta menningarstarfsemi fyrir börn og fullorðna þar sem megináhersla er lögð á bókmenntir, lestrarhvatningu og upplýsingalæsi.
2. Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á vandaðan og fjölbreyttan safnkost fyrir almenning bæði hvað varðar innihald (t.d. fræðsluefni, fagurbókmenntir, tónlist) og form (t.d. prentað, rafrænt).
3. Borgarbókasafn Reykjavíkur veitir almenningi aðgang að tölvubúnaði og hvers konar rafrænum upplýsingum.
4. Borgarbókasafn Reykjavíkur veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum faglega upplýsingaþjónustu með því m.a. að nýta sér bestu upplýsingatækni hverju sinni.
5. Borgarbókasafn Reykjavíkur veitir upplýsingar um Reykjavík og þjónustu opinberra stofnana og fyrirtækja. Upplýsingar um það sem er á döfinni í Reykjavík, einnig í einstökum hverfum borgarinnar, eru aðgengilegar í söfnunum.
6. Borgarbókasafn Reykjavíkur stundar eftir föngum rannsóknir sem tengjast megináherslum í starfsemi þess sem upplýsinga- og menningarstofnunar.

4. gr.

Safnið og starfsemi þess skal eftir því sem kostur er kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld í Reykjavík. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og fjölmiðlum, eftir því sem kostur er.

5. gr.

Menningarmálanefnd ræður borgarbókavörð til fimm ára að fenginni tillögu menningarmálastjóra. Ráðinn skal einstaklingur með sérmenntun í bókasafns- og upplýsingafræðum og reynslu af starfsemi/rekstri bókasafna. Starfið skal auglýst samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Menningarmálanefnd getur framlengt ráðningu borgarbókavardar til fimm ára í senn.

Borgarbókavörður ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana menningarmálanefndar og borgaryfirvalda. Hann ber ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins.

Borgarbókavörður ber ábyrgð á búnaði safnsins í samráði við Fasteignastofu Reykjavíkur.

6. gr.

Borgarbókavörður veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf varðandi bókasafns- og upplýsingamál.

II. KAFLI

Safnkostur. Aðföng og grisjun.

7. gr.

Borgarbókavörður ber ábyrgð á uppbyggingu safnkosts, aðföngum (innkaupum, gjöfum) og grisjun. Borgarbókavörður getur skipað nefndir innan safnsins sem sjá um uppbyggingu safnkosts í samræmi við stefnu safnsins á hverjum tíma. Almennur getur lagt fram tillögur um innkaup sem lagðar eru fyrir nefndirnar. Safnkostur er við það miðaður að safnið þjónar öllum almenningi.

Borgarbókavörður tekur ákvörðun um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Almenn skal ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja.

III. KAFLI

Heimild til að setja á stofn styrktarfélag.

8. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætluð til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun borgarinnar.

Samþykkt í menningarmálanefnd 15.5. 2002.

Samþykkt þessi tekur gildi 28. maí 2002.

Samþykkt í borgarráði 28. maí 2002.